



**Fundargerð
oddvitanefndar
Uppsveita Árnassýslu**



Fundur nr. 6 – 16.04.2024

6. fundur oddvitanefndar Uppsveita Árnassýslu (kjörtímabilið 2022 – 2026) var haldinn í Stjórnsýsluhúsinu Borg, þriðjudaginn 16. apríl 2024 kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir formaður, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

1. Stuðningur við verkefnið Fjölmenningsamfélag í Uppsveitum Árnassýslu.

Fyrir liggur ósk frá byggðaþróunarfulltrúa Uppsveita dagsett 4. apríl 2024. Í erindinu er ósk um að sveitarfélögin leggi til húsnæði til notkunar fyrir menningarhátíð sem áætluð er að halda í lok september eða byrjun október 2024. Jafnframt er óskað eftir fjárframlagi til að mæta fjármögnunarþörf verkefnisins. Upphaflega var sótt um 1,4 milljónir króna í styrki en styrkupphæðin sem fékkst var 1 milljón og því vantar fjármagn til að geta haldið verkefninu óbreyttu.

Oddvitanefndin leggur til að hvert sveitarfélag styrki verkefni um 100.000.- þúsund krónur. Oddvitanefnd beinir því til byggðaþróunarfulltrúa að ræða við sveitarstjóra sveitarfélaganna um afnot af húsnæði.

2. Samtal við Íþróttaboltafélag Uppsveita (ÍBU).

Inn á fund oddvitanefndarinnar kom Sólmundur Magnús Sigurðarsson formaður stjórnar ÍBU. Farið var yfir starf félagsins. Ósk ÍBU er að fá samning um umgjörð og rekstur félagsins. Oddvitanefnd leggur til við stjórn ÍBU að unnið verði erindi og sent beint á hvert sveitarfélag. Formanni oddvitanefndar falið að vinna áfram að málinu með formanni stjórnar ÍBU.

3. Fjármál.

Farið var yfir fjárhagsstöðu nefndarinnar. Oddvitanefndin leggur til við sveitarstjórnir að greiddar verða út 17.500.000.- krónur úr sjóði Laugaráslæknishéraðsins til aðildarsveitarfélaga miðað við meðal íbúafjölda 1995-1997.

Grímsneshreppur 11,9% - 2.082.500

Bláskógabyggð 33,2% - 5.810.000

Hrunamannahreppur 30,0% - 5.250.000

Skeiða- og Gnúpverjahreppur 24,9% - 4.357.500

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:00.